



## 1. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, 10. maí 2023.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 17:30

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Reynir Ingi Árnason (RIÁ), Hrafn Ingvarsson (HI), Inga Hallsteinsdóttir (IH) og Hildur Pála Gunnarsdóttir (HPG)

Mættir starfsmenn:

Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) íþróttafulltrúi og Árni Bragi Eyjólfsson (ÁBE) íþróttafulltrúi

### Dagskrá:

#### 1. Verkaskipting og starfsáætlun stjórnar

Formaður bauð nýja meðlimi velkomna og lagði til að Hrafn yrði áfram varaformaður, Sigurður Rúnar gjaldkeri og Geirarður ritari, samþykkt einróma. Starfsáætlun lögð fram til kynningar.

#### 2. Kynning á starfi félagsins frá skrifstofu

Hanna Björk íþróttafulltrúi kynnti starf skrifstofunnar og helstu verkefni framundan.

#### 3. Markmið næsta árs

Birna og Hrafn lögðu fram drög að markmiðum næsta árs. Þessi markmið þarf að útfæra með félagsfólki Aftureldingar. Við leggjum til málefni og höldum vinnustofu í haust með stjórnnum deilda og sammælumst öll saman um hvaða leiðir við viljum fara.

- a. Fjárhagsleg – *Herða þarf eftirlit með fjárhagsáætlunum og eftirfylgni hjá fjármálum deilda sem komnar eru að rekstrarörðugleikum*  
*Jafnrétti kynja í hlutfalli styrkja sem berast deildum og ráðum*
- b. Aðstöðumál - Gervigras og vökvunarbúnaður – *miðar vel*

Nýr aðalvöllur – vantar tíma – *Hönnunarferli í gangi fer eftir verðmati hversu mikið verður gert*

Þjónustubygging – *Er í skoðum með fjárfestingaráætlun*

Aðstaða til styrktarþjálfunar – *Afturelding fær aðstöðuna að Varmá 1. júlí*

Yfirbyggð stúkubygging – *síðust í röð stórra framkvæmda*

c. Lög og reglugerðir – *Það þarf að fara markvisst yfir og uppfæra – stofna nefnd!*

d. Afreksstarf           Uppeldis og afreksstefna þurfa að tala saman

Hvaða hæfnikröfur gerum við til þjálfaranna okkar

Hversu fagleg erum við í heildina



## Samskiptareglur / sáttmáli / spjöld

### 4. Yfirferð uppgjöra vegna ársins 2022

Sigurður Rúnar gjaldkeri fór yfir helstu niðurstöður á uppgjörum deilda og aldrei höfum við séð stöðuna jafn slæma.

### 5. Samstarfssamningur við Sorpu samþykktur

Samningur við Sorpu felst í víðavangssöfnun á starfssvæði Sorpu á Álfsnesi.

### 6. Önnur mál

Starfsmenn skrifstofu skoða í samráði við þær deildir sem eru með mikla virkni yfir sumartíma hvaða tími hentar til sumarlokunar skrifstofa

Hanna Björk er á leiðinni í færðingarorlof og óskum við henni alls hins besta og bjóðum Árna Braga innilega velkominn sem mun leysa Hönnu af.

**Fundi slitlið kl. 19:30**

Brina Kristín Jónsdóttir ritaði fundargerð.